

Áveitan

4. tbl. 9. árgangur. Apríl 2015

Flóahlaup Umf. Samhygðar

37. Flóahlaup Umf. Samhygðar hefst kl. 13:00 við Félagslund laugardaginn 11. apríl.

Keppt verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku.

Skráningargjald 1.000 kr fyrir 14 ára og yngri og 2.000 kr fyrir 15 ára og eldri. Einungis skráð á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSÍ á staðnum.

Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins.

Skírdagsbingó

Spilað verður páskaeggjábíngó á Félagslundarloftinu að kvöldi skírdags 2. apríl kl. 20:00. Í verðlaun eru páskaegg af ýmsum stærðum. Allir velkomnir.

Umf. Samhygð



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar

Nú er marsmánuður á enda og kominn sá árstími að dagurinn er orðinn lengri en nóttin. Sólmyrkvinn 20. mars s.l. minnti okkur óneitanlega á það hversu lítil við erum í alheiminum stóra og afskaplega háð aðstæðunum sem orkan frá sólinni býr okkur. Hvert og eitt okkar berum við samt ábyrgð á okkur sjálfum og því hvernig við nýtum og förum með þær gjafir sem jarðvistin færir okkur.

Nú þegar sól hefur hækkað á lofti, getum við átt von á að gróður og dýralíf fari að taka við sér af vetrardvala. Þá styttist um leið í ýmis sumartengd verkefni hjá Flóahreppi eins og umhirðu lóða og annarra útisvæða, og utanhússviðhald. Í sumar verður unnið af kappi við fegrun og frágang umhverfis við leikskólann, pallar smíðaðir, hellur lagðar og settir upp skjólveggir og girðingar.

Vinnuskóli – flokksstjórar - aðrir starfsmenn.

Vinnuskóli Flóahrepps verður rekinn með svipuðu sniði og verið hefur og verður aðsókn vonandi nægilega góð til þess að hægt verði að bjóða íbúum upp á garðslátt og hirðingu þar sem þess verður óskað. Í vinnuskólanum stíga margir sín fyrstu skref á vinnumarkaði, og er mikilvægt að þar að ríki réttlátur agi en um leið gleði og traust. Verkefni sem þarf að vinna eru mörg og íbúar Flóahrepps eru mjög þakklátir fyrir framlag krakkanna við að gera sveitina sína snyrtilega. Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskólanum er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps.

Vinnuskóli Flóahrepps auglýsir eftir flokksstjórum til þess að hafa umsjón með starfsemi í samráði við umsjónarmann fasteigna og sveitarstjóra. Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf og vinnuvélaréttindi, vera reglusamir og eiga auðvelt með samskipti við unglinga. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merktum „flokksstjóri“. Umsóknir berist fyrir 15. apríl.

Sumarafleysing - húsvarsla

Starfskraftur óskast til sumarafleysinga við húsvörslu í félagsheimilunum í Flóahreppi. Um er að ræða 6 – 8 vikur á tímabilinu 1. maí – 20. september. Leitað er að samvisskusömum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og er vel fær um að sinna ræstingu og annari umsjón, ásamt því að halda utanum fjárreiður

og bókhaldsupplýsingar vegna innheimtu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merktum „afleysing húsvarsla“.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2015

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2015 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi:

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

- Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.
- Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.
- Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.
- Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.
- Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs. Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur“.

Sveitarstjóri Flóahrepps.

Aðalfundur félagsheimilanna í Flóahreppi

verður haldinn í Félagslund miðvikudagskvöldið 15. apríl kl. 20:30. Á dagskrá er:

- Skýrsla rekstrarstjórnar
- Kynning á rekstri félagsheimilanna 2014
- Breytingar á rekstrarstjórn - kynning
- Fjör í Flóa
- Önnur mál

Fundurinn er opin öllum íbúum Flóahrepps.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi

Frá Flóaskóla

Sælir kærur íbúar

Er ekki vel við hæfi að byrja þennan pistil á einu helsta viðfangsefni vetrarins sem er jú auðvitað veturinn sjálfur. Skólahaldi hefur verið aflýst í tvígang í vetur. Þurfti að aflýsa skólahaldi vegna flugháلكu og hvassevirs á Villingaholtinu 10. desember og þann 16. var útlitið slæmt og nemendur voru keyrðir heim kl 13:00 í stað 14:00 þann daginn. Í janúar féll svo niður skólaakstur en skólanum var haldið opnum. Slæm veðurspá var svo aftur til þess að skóla var aflýst miðvikudaginn 25. febrúar. Í kjölfarið var farið að vinna að gerð nýrrar óveðursáætlunar fyrir skólann. Áætlunin hefur verið samþykkt af fræðslunefnd Flóahrepps.

Nýju ári fylgdu töluverðar breytingar á mannauð skóans en Helga Jóhanna Úlfarsdóttir var ráðin tímabundið út skólaárið sem umsjónakennari 7. bekkjar. Hulda Kristjánsdóttir deildarstjóri/staðgengill snéri aftur til starfa í janúar eftir færðingarorlof en Sigrún Helgadóttir sinnti starfi deildarstjóra/ staðgengils í fjarveru hennar.

Stoðþjónusta skólans styður við og aðstoðar nemendur skólans við að ná markmiðum aðalnámskráar. Vegna mikilla forfalla starfsfólks í haust var gripið í það úrræði að nýta starfsfólk stoðþjónustunar í forföll og þar með hallaði á þjónustunni og ákveðið var að bregðast við þeim halla með því að styrkja stoðþjónustuna nú eftir áramót. Sigrún Helgadóttir mun sinna nemendum í gegnum stoðþjónustuna og umsjónakennarar munu einnig taka að sér aukin verkefni innan hennar, Ólöf Guðrún sérkennari hefur verið ráðin tímabundið í 50% stöðu sérkennara við skólann út skólaárið.

Ákveðið var að segja upp samningi við ræstingafyrirtækið Hreint ehf. og fara aðrar leiðir í ræstingu en nýráðnir skólaliðar þau Bryndís Rósantsdóttir og Hörður Harðarson sjá nú um að ræsta skólann ásamt því að starfa með nemendum í leik og starfi. Skólaliðar sjá einnig um skólavistun, þá sérstaklega Bryndís. Bryndís hefur margra ára reynslu af vinnu með börnum og starfaði áður á leikskólanum Krakkaborg. Hörður hefur lengi vel starfað sem sjúkraflutningamaður.

Nýverið héldu nemendur skólans árshátíðir þar sem settar voru á svið tvær leiksýningar, en 1. – 7. bekkur setti á svið verkið um Ronju Ræningjadóttur og skiluðu þau því af sér með mikilli þryði. Unglingadeild skólans setti á svið leikrit um aðra velkunna stúlku, hana Línu langsock og óhætt er að segja að sýningarnar hafi báðar slegið rækilega í gegn. Slíkar sýningar eru sjaldan eins manns verk og þarf marga áhugasama einstaklinga til að vel

takist. Kennarar, nemendur og tónistarfólk sem kom að sýningunni eiga heiður skilið fyrir fagmannlega og góða vinnu.

Ný heimasíða hefur verið sett í loftið. Á heimasíðunni verða birtar greinar undir liðnum Áhugavert og gaman er að segja frá því að greinar eru nú þegar farnar að streyma inn og bíða birtingar.

Nú hafa bæði nemendur og foreldrar svarað Skólapúlsinum en Skólapúlsinn er mikilvægur liður í innra mati skólans og vill undirrituð þakka kærlega fyrir þær ábendingar sem bárust í gegnum könnunina og jafnframt góðrar þátttöku foreldra.

Nú er páskafrí á næsta leiti og óska ég öllum gleðilegra páska.

Anna Greta Ólafsdóttir
skólastjóri Flóaskóla

AÐALFUNDUR 2015

Aðalfundur skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn föstudagskvöldið 13. apríl n.k. og hefst kl 21:00 á loftinu í Félagslundi (gengið inn vestan megin).

Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf, önnur mál.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja félaga velkomna.

Stjórnin

Aðalfundur Flóakorns ehf.

Aðalfundur Flóakorns ehf. verður haldinn í Þingborg (gengið inn eldhúsmegin) að kvöldi þriðjudagsins 21. apríl kl. 20:30. Á dagskrá fundarins er hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem góður gestafyrirlesari mun flytja erindi sem snýr að kornrækt.

Allir áhugamenn um kornyrkju velkomnir. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Þeir félagsmenn Skógræktarfélags Villingaholtshrepps sem hafa hugsað sér að fá plöntur hjá félaginu ættu að hafa samband við Þórunni á Vatnsenda í síma 486-3342 sem allra fyrst.

Kv. Stjórnin.

Frá Gaulverjabæjarkirkju

Þann 18. mars s.l. var haldinn aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar. 10 manns mættu til fundar og telst það vera góð mæting og vel fundarfært.

Meðal þess sem rætt var á þessum fundi var tillaga um færslu Gaulverjabæjarsóknar frá Eyrarbakkaprestakalli í Selfossprestakall. Ágætar umræður urðu um tillöguna og var ákveðið að fresta afgreiðslu hennar, þar til skýrist betur með þær sameiningar prestakalla sem lagðar hafa verið til og eru í umræðunni. Fundinum hugnast ekki sú tillaga sem er á borðum varðandi sameiningu Eyrarbakka- og Þorlákshafnarprestakalla og ályktaði að hvetja til þess að komið verði á fót Kirkjumíðstöð á Selfossi, sem nær yfir lágsvéitir Árnesþings. Már Ólafsson í Dalbæ hefur verið í sóknarnefnd í um 20 ár og gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu, í hans stað var kosinn Kristján Larsen á Dverghamri og mun hann sjá um kirkjugarðinn. Auk hans eru í sóknarnefnd þær Margrét Jónsdóttir á Syðra-Velli formaður og gjaldkeri og Margrét Stefánsdóttir í Gerðum kirkjuhaldari. Varamenn eru Guðrún Elísa Gunnarsdóttir í Hólshúsum, Anný Ingimarsdóttir í Vorsabæjarhjáleigu og Helgi Friðrik Hallsdórsson í Laufhóli.

Messað verður kl. 14:00 á páskadag 5. apríl í Gaulverjabæjarkirkju. Prestur verður Sr. Jón Dalbú Hrjóbartsson.

Frá Villingaholtskirkju

Umhirða kirkjugarðs sumarið 2015.

Kæru sveitungar, sóknarnefnd Villingaholtskirkju auglýsir hér með eftir aðila til að sjá um umhirðu kirkjugarðsins sumarið 2015.

Um er að ræða slátt á kirkjugarði og kringum aðstöðuhús sem og snyrtingu kringum legsteina, á u.þ.b. tveggja vikna fresti allt sumarið, og hreinsun trjábeða ca. tvisvar sinnum yfir sumarið eða eftir þörfum. Öll áhöld eru til staðar í aðstöðuhúsi,

Athugið að þetta er launað starf.

Nánari upplýsingar gefur undirrituð í síma 482 2553/869 6534 eða email: skufslaekur2@gmail.com.

Sólveig Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar

Aðalfundur

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 8. apríl kl. 20.30.

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 2. Lagabreytinar.
 3. Lagt fram erindi frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps um hugmyndir að sameiningu búnaðarfélaganna í Flóahreppi.
 4. Önnur mál.
- Kaffiveitingar. Stjórnin.

AÐALFUNDUR BÚNAÐARFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

verður haldinn á Stóra-Ármóti þriðjudaginn 7. apríl kl.13:30.

Dagskrá er venjuleg aðalfundarstörf, erindi og önnur mál.

Kaffi í boði félagsins. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Kvennasport í Þjórsárverri

Á mánudags- og miðvikudagskvöldum er kvennasport í Þjórsárverri.

Tímarnir eru frá kl. 20:00-21:00.

Í tímunum er fjölbreytt styrktar- og þolþjálfun og reynt að mæta þörfum hverrar og einnar.

Þjóðum allar konur, ungar sem aldnar, velkomnar í hópinn!

Hulda Kristjánsdóttir, íþróttafraeðingur

gsm: 866-3245

Kæru íbúar Flóahrepps

Atvinnu- og umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Flóahrepps fyrir árið 2015.

Fyrirhugað er að veita verðlaunin á sameiginlegri hátíðardagskrá þann 17. júní nk.

Tekið verður á móti tilnefningum til 31. maí, í síma 858-5069 og á netfangið ingunn@imd.is

Fréttir frá Krakkaborg

Vorið er alveg að koma, en það höldum við alla vegna í Krakkaborg. Við erum meira að segja búin að fá nokkra flispeysudaga en þeir dagar eru bestir því engum finnst skemmtilegt að klæða sig í kulda- eða pollagalla Það munar líka miklu að mæta í leikskólann að morgni í birtu og fara aftur heim fyrir myrkur.

Kvenfélag Villingaholtshrepps færði leikskólanum veglega gjöf á dögnum. Um er að ræða leik-kofa sem settur verður upp á leiksvæði yngstu barnanna á Lóudeild. Við þökkum Kvenfélagi Villingaholtshrepps kærlega fyrir þessa góðu gjöf.

Marsmánuður er búinn að vera viðburðaríkur hjá okkur í Krakkaborg. Við fylgdumst að sjálfsgöðu með sólmyrkvanum eins og landsmenn flestir. Við vorum svo lánsöm að fá þrjú sólmyrkvagleraugu frá Stjórnuskoðunarfélagi Seltjarnarness og að auki gaf Flóaskóli okkur fimm í viðbót. Þökkum við kærlega fyrir gleraugun. Nemendur skiptust á að fara út með kennurum sínum í litlum hópum og fylgdust þau svo með þessu fallega sjónarspili af áhuga.

Samstarf leik- og grunnskóla heldur áfram og í marsmánuði fóru elstu börn leikskólans í tvær heimsóknir í Flóaskóla. Þar fá þau að prófa bæði bóklegt og verklegt nám, fara í frímínútur, hádegismat í Þjórsárveri og kynnast skólastarfinu almennt og starfsfólkinu. Í aprílmánuði verða svo tvær heimsóknir í viðbót og lýkur samstarfinu á vorskóla í maí.

Nemendur á Krummadeild fóru í sína árlegu menningarferð. Farið var með skólabíl frá leikskólanum og komið við á bókasafninu á Selfossi. Þar skoðuðum við safnið og fengum lánaðar nokkrar bækur. Þaðan lá leiðin í Kjörís í Hveragerði. Þar fengu börnin kynningu á fyrirtækinu og hvernig ís er búinn til. Allir fengu svo ís að smakka og hárbuff að gjöf. Mjög skemmtileg ferð og þökkum við kærlega fyrir okkur.

Marsmánuður er búinn að vera ósköp ljúfur, við erum búin að fönðra heilmikið fyrir páskana og skreyta skólann okkar. Börn á Krummadeild hafa verið að búa til dúska og sauma húfur í textílmenn, krakkarnir á Ugludeild fundu frosið risaeðluhreiður á útisvæðinu okkar og björguðu svo frosnum risaeðluungum út úr klakaeggjum og krakkarnir á Lóudeild eru orðin ansi flink í að nota myndvarpann til að rannsaka ljós og skugga svo fátt eitt sé nefnt. Það eru allir duglegir að fara út að leika og hafa verið farnir fjölmargir könnunarleiðangrar um nágrennið. Krakkar á Ugludeild kíktu t.d. í heimsókn á Lambastaði að skoða dýrin og var að sjálfsgöðu tekið vel á móti þeim. Í apríl ætlum við að halda sumardaginn fyrsta hátíðlegan og förum smám saman að færa leikskólastarfið út í góða veðrið.

Skipulag næsta skólaárs er að hefjast og það er því mikilvægt að þeir foreldrar sem óska eftir að barnið þeirra hefji nám í Krakkaborg á næsta skólaári sækji um leikskólapláss inn á heimasíðu leikskólans. Slóðin er www.leikskolinn.is/krakkaborg en þar er einnig að finna ýmiskonar upplýsingar og fróðleik auk fréttu frá öllum deildum. Nýtt símanúmer leikskólans er 4800150 og netfang leikskoli@floahreppur.is Athugið að mikilvægt er að sækja um leikskólapláss fyrir öll börn fyrir 30. apríl, líka fyrir þau sem óska eftir leikskólaplássi eftir næstu áramót.

Bestu kveðjur, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

FUNDARBOÐ

Kæru félagar í **Skógræktarfélagi Hraungerðishrepps**.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 9. apríl 2015, kl. 20-22. Dagskrá skv. hefðbundnu fundarformi skógræktarfélaga um venjuleg aðalfundarstörf.

Á eftir verða kaffiveitingar og almennt spjall um skógrækt og garðyrkju. Spurningar og svör.

Tekið verður við pöntunum á skógarplöntum. Svipað magn og úrval verður til ráðstöfunar í ár og verið hefur undanfarin ár.

Þingborg 25. mars 2015.

Stjórnin

Flöskusöfnun 10. bekkinga!

10. bekkingar í Flóaskóla standa í fjáröflun vegna vorferðar sinnar í maí. Ætlunin er að fara á Bakkaflöt í Skagafirði og eiga þar nokkra góða daga áður en þau útskrifast úr grunnskóla.

Dagana 15.-20. apríl verða þau á ferð um sveitarfélagið í flöskusöfnun. Ef sveitungar eiga flöskur og dósir á lager væri það vel þegið. Ekki þarf að vera búið að telja í poka, þau sjá sjálf um það.

F.h. 10. bekkinga,
Hulda Kristjánsdóttir, umsjónarkennari

Sleifin

Hin árlega kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahrepp verður föstudaginn 24. apríl í Þingborg kl.20:30.

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og ritstjóri Húsfreyjunnar mun flytja erindi. Svo ætlum við að hafa það huggulegt saman með ljúfmeti og lekkerheitum.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar, gestir velkomnir.

Stjórn og skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps

Fréttir frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundur var haldinn 19. mars sl. Formaður félagsins Bjarni Pálsson í Syðri-Gróf gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Benedikt Hans Kristjánsson kosinn í stjórn í hans stað. Stjórnin hefur nú skipt með sér verkum og er hún þannig skipuð að Reynir Þór Jónsson á Hurðarbaki er formaður, Kristján Gestsson í Forsæti gjaldkeri og Benedikt Hans er ritari.

Plægingarnámskeið

Stefnt er að því að halda plægingarnámskeið hjá félaginu í vor, ef næg þátttaka fæst. Haukur Þórðarson á Hvanneyri mun sjá um kennsluna sem er bæði bókleg og verkleg. Námskeiðið myndi fara fram á einum degi. Í boði væri að menn kæmu með sína eigin plóga á námskeiðið og þeir yrðu þá prófaðir og stilltir fyrir vorvertiðina. Áhugasamir hafi samband við stjórnina sem allra fyrst svo hægt sé að átta sig á þátttöku.

Loftunarlógur

Félagið hefur ákveðið að kaupa loftunarlóg sem hentar jafnt í gróin tún og garða, og er þessa dagana verið að leita tilboða hjá vélasölum. Líklegt er að tækið verði auglýst til útleigu í næstu Áveitu.

Vitund um vinnuvernd í landbúnaði

Guðmundur Hallgrímsson á Hvanneyri er verkefnastjóri verkefnisins og mun heimsækja bændur á Suðurlandi nú í vetur og vor í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands.

Markmið vinnuverndarverkefnisins er að fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnuumhverfi og bættri ásýnd bæja. Tilgangur heimsóknarinnar er ekki eftirlit heldur að aðstoða bændur við að gera betur í öryggis- og vinnuverndarmálum á búinu. Í heimsókninni er farið yfir öryggismál á búinu. Farið verður yfir gátlista og helstu þættir á búinu sem skipta máli m.t.t. öryggis- og vinnuverndarsjónarmiða skoðaðir með bændum. Tillögur til úrbóta verða ræddar og sett markmið um viðbrögð.

Hitamyndavél er notuð til þess að meta ástand á raflögnum. Algengasta ástæða bruna í útihúsum má rekja til rafmagns. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði, Bændasamtökunum og búnaðarsamböndum, og er bændum að kostnaðarlausu. Þeir bændur sem áhuga hafa á að taka þátt í þessu verkefni hafi samband við stjórn búnaðarfélagsins sem fyrst svo hægt sé að skipuleggja heimsóknir.

Tækjalisti 2015

Tæki í umsjón Kristjáns í Forsæti, s. 862-7532:

Hagasláttuvél	2.240/klst
Steypuhrærivél	200 pr poka, hámark 6.000/dag
Flaghefill	1.000/dag
Málningarsprautu	500/klst

Staurabor	1.000/dag
Toppilyklasett	Frítt

Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929	
Sáðvél	2.760/ha
Pinnatætari	3.280/ha
Plógur 5skera	3.640/ha
Valtari	2.180/ha
Sturtuvagn	5.460/dag
Sturtuvagn malarkeyrsla	15.000/dag

Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604	
Hnífatætari	2000/klst
Plógur 4 skera	2.760/ha
Fjaðraherfi	1.660/ha
Haugsuga	1.980/klst
Haughræra	2.180/klst
Taðgreip	3.000/dag

Með góðri kveðju, stjórnin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur var haldinn 12 mars s.l. í Þjórsárveri, 14 konur sátu fundinn. Við byrjuðum á að minnast heiðursfélaga okkar, Helgu frá Forsæti, en hún lést í janúar. Síðan voru hefðbundin aðalfundarstörf og kosningar.

Aðalheiður í Vatnsholti lét af störfum sem ritari og við tekur Elfa í Rimum 6. Nýjar konur í skemmtinefnd eru María Hödd í Súluholti og Elín Bjarnveig í Egilsstaðakoti. Skoðunarmaður reikninga verður nú Kristín á Hurðarbaki. Valgerður í Mjósyndi var kosin til að fara á SSK þing í Þorlákshöfn 18. apríl og Elín Bjarnveig Egilsstaðakoti var kosin í rekstrarstjórn félagsheimilanna. Kristín á Hurðarbaki og Eydís í Kolsholti ætla að halda utan um prjónakvöldin okkar. Ákveðið var að gefa leikskólanum í Þingborg plashús í garðinn hjá yngstu börnunum og styrkja söngheimsóknina „Elligleði“ til að koma og syngja í vor á Ljósheimum, Fossheimum og Sólvöllum á Eyrarbakka en það höfum við gert nokkru sinnum áður. Að loknum fundi var veislukaffi eins og vanalega og að þessu sinni í boði Hafðísar Örvar, Kristínar S, Sigrúnar Hrefnu, Lilju og Bryndísar.

Fráfarandi ritari, Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir.

Prjónakvöld

Við ætlum að hittast á prjónakvöldi mánudagskvöldið 13. apríl í Þjórsárveri kl. 20:30. Mætum sem flestar og búum til eitthvað fallegt handverk og spjöllum saman um leið.

Prjónanefndin



Samband sunnlenskra kvenna
Kt. 550269-5709
Reikn.nr: 182-15-380610

Eins og venjulega er ýmislegt á döfinni hjá Sambandi sunnlenskra kvenna (SSK) – þar ber nú hæst, að hafinn er undirbúningur fyrir landsþing Kvenfélagsambands Íslands (KÍ). SSK mun verða gestgjafi og framkvæmdaraðili þingsins, sem er um leið aðalfundur KÍ. Þingið verður haldið á Hótel Selfossi dagana 9. - 11. okt. n.k. Yfirskrift þingsins er *Hækkum flugið – kosningaréttur kvenna í eina öld* – Gera má ráð fyrir að þetta þing sækji um 150-200 konur hvaðanæva að af landinu.

Af þessu tilefni ætla Samband sunnlenskra kvenna að gefa út blað sem allir þingfulltrúar fá afhent við setningu þingsins og fá þeir um leið aukablöð til að dreifa í sín heimahéruð.

– Í blaðinu “Hækkum flugið” er m.a. fyrirhuguð margvísleg umfjöllun um þá fjölbreyttu þjónustu ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og stofnana sem er í boði í Árnes- og Rangárvallasýslum og getur blaðið því orðið mjög góð kynning fyrir þetta landsvæði.

Kvenfélagskonur innan SSK leggja mikið af mörkum til samfélagsins bæði með fjárframlögum og annarri sjálfbodinni vinnu sem ekki verður metin til fjár. Geta má þess að meginhluti þeirra fjármuna sem þær afla fer til málefna heima í héraði. Á árunum 2013 og 2014 veittu kvenfélögin innan SSK styrki til samfélagsins samtals að fjárhæð um **39 milljónir króna**, þar af fóru um **18,5 milljónir kr.** til heilbrigðis- og líknarmála, um **14,1 milljón kr.** til mennta-, menningar- og umhverfismála og um **6,4 milljónir kr.** til öldrunar-mála. Þessa fjár hafa kvenfélögin aflað með margvíslegri starfsemi og má nefna: basara, hlutaveltur, skemmtanir, kaffisölur, erfidrykkjur, bókaútgáfur o.fl.

Kvenfélagskonur munu á næstunni leita með bréfi til ferðaþjónustuaðliða, fyrirtækja og ýmissa stofnanna varðandi auglýsingar og umfjöllun í blaðið “Hækkum flugið”. Vonast er til að fyrrgreindir aðilar sjái hag sinn í að verða við þeirri málaleitan.

Allar frekari upplýsingar gefur Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK, sími 865-2753 netfang: formadurssk@gmail.com

Messur um páska

Hátíðarguðsþjónusta verður í Villingaholtskirkju á páskadag, **5. apríl kl. 11.00**. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason, organisti Guðmundur Eiríksson, kirkjukórinn syngur.

Hátíðarguðsþjónusta verður í Hraungerðiskirkju annan dag páska, **6. apríl kl. 11.00**. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík, organisti Ingi Heiðmar Jónsson, kirkjukórinn syngur.

Athugið messutími er kl. 11.00 um páskahátíðina!

Glímufréttir

Marín Laufey tvöfaldur Íslandsmeistari

Lokamót Meistaramótaraðar GLÍ fór fram í Reykjavík 7. mars. Marín Laufey Davíðsdóttir hampaði Íslandsmeistaratitlum bæði í +65 kg flokki og opnum flokki kvenna eftir harða baráttu en einingis munaði einu stigi á henni og þeirri sem hafnaði í öðru sæti í báðum flokkum. Jón Gunnþór Þorsteinsson varð einnig öruggur Íslandsmeistari +80 kg flokki unglinga auk þess sem hann endaði í 4. sæti í +90 kg flokki karla. Guðrún Inga Helgadóttir hafnaði í öðru sæti í -65 kg flokki kvenna eftir harða baráttu auk þess sem hún náði 3. sæti opnum flokki kvenna. Hanna Kristín Ólafsdóttir tók aðeins þátt í tveimur mótum af þremur en hún endaði í 4. sæti í heildarstigakeppninni í +65 kg flokki og í 5. sæti í opnum flokki.

Þrír frá Þjótanda á Íslandsglímu

Þau Guðrún Inga Helgadóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir og Stefán Geirsson eru öll skráð til leiks í Íslandsglímuni sem fer fram á Reyðarfirði 11. apríl. Sama dag fer fram grunnskólamót Íslands og sveitaglíma. Einnig verður haldið upp á 50 ára afmæli Glímusambands Íslands við þetta tækifæri.

Af aðalfundi Glímuráðs HSK

Aðalfundur Glímuráðs HSK fór fram í Selinu 11. mars. Farið var yfir glímustarfið á undangengnu ári og línur lagðar með framhaldið. Fjárhagur ráðsins er traustur og mörg spennandi verkefni á döfinni eins og glímukynningar, búningakaup og utanferðir svo eitthvað sé nefnt. Stjórn ráðsins var endurkosin og eiga ungmennafélögin í Flóahreppi tvo fulltrúa þar innanborðs en það eru þau Stefán Geirsson formaður og Guðrún Inga Helgadóttir ritari og varaformaður.

Æfingalok

Nú er æfingatímabilinu að ljúka en ekki verða fleiri mánudagsæfingar haldnar þennan veturinn. Þeim sem sóttu þær æfingar eru færðar bestu þakkir fyrir æfingasóknina og vonandi verða sem flestir með næsta vetur. Síðasta fimmtudagsæfingin verður 9. apríl í Félagslundu.

Íþróttafréttir

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum 10 ára og yngri fóru fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 7. mars. Á mótinu kepptu 8 ára og yngri í þrautabraut en keppnislið Þjótanda átti 6 keppendur í henni og liðsstjórnirinn þeirra var Árni Geir Þjálfari. Níu og tíu ára krakkar tóku þátt í hefðbundnum greinum og stóðu allir sig frábærlega vel. Hér birtast úrslit okkar keppenda:

Auðunn Ingi Davíðsson	'06	Langst. án atr.	1,70m	2. sæti
		Skutlukast	9,20m	12. sæti
		30m hlaup	5,94sek	11. sæti
Benjamín Magnús Magnússon	'06	Langst. án atr.	1,30m	14. sæti
		Skutlukast	15,64m	1. sæti
		30m hlaup	5,92sek	10. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	Langst. án atr.	1,82m	1. sæti
		Skutlukast	10,92m	7. sæti
		30m hlaup	5,33sek	1. sæti
Oddur Olav Davíðsson	'06	Langst. án atr.	1,66m	6. sæti
		Skutlukast	10,67m	9. sæti
		30m hlaup	5,41m	2. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	Langst. án atr.	1,63m	7. sæti
		Skutlukast	11,58m	5. sæti
		30m hlaup	5,70 sek	4. sæti
Daði Kolviður Einarsson	'05	Hástökk	1,10m	5. sæti
		30m hlaup	5,35 sek	1. sæti
		Langst. án atr.	1,71m	6. sæti
		Kúluvarp	5,16m	8. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	Hástökk	1,00m	11. sæti
		30m hlaup	6,01 sek	11. sæti
		Langst. án atr.	1,63m	9. sæti
		Kúluvarp	5,68m	6. sæti

Keppendur í þrautabraut 8 ára og yngri voru: Ásta Björg Jónsdóttir, Guðbergur Davíð Ágústsson, Guðni Bóas Davíðsson, Helgi Reynisson, Hjörleifur Máni Rúnarsson, Óskar Freyr Sigurðsson og Svanfríður Svanhvit Magnúsdóttir. Myndir og nánari úrslit af mótinu má finna á heimasíðu HSK, www.hsk.is

Frá Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps

Félagsmenn eru hvattir til að spara sér bankakostnað og greiða árgjöld félagsins með millifærslu í heimabanka.

Bankaupplýsingar: 0152-26-007999

Kennitala: 640809-0270

Upphæð: 1000 kr.

Í haust verða svo sendir reikningar fyrir árgjöldum til þeirra sem þess óska.

Gjaldkeri

Sumardagurinn fyrsti 23. apríl

Sumardagurinn fyrsti verður haldinn hátíðlegur að venju á starfssvæði Umf. Vöku. Dagskráin hefst með Víðavangshlaupinu sem verður ræst á Þjórsárbökkum stundvíslega kl 13:30. Hlaupið er fyrir allan aldur. Skráningar verða á staðnum og við hvetjum fólk til að mæta tímanlega svo hlaupið geti farið af stað á réttum tíma. Að hlaupi loknu mun samkoman færast inn í Þjórsárver þar sem verður almenn gleði og kaffiveitingar í boði ungmennafélagsins. Eftir kaffið fá svo allir hlauparar verðlaunaskjöl og sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fá farandgrip til varðveislu. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og fagna sumarkomunni með okkur.

Umf. Vaka

Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða

Verður haldinn í Þingborg þriðjudagskvöldið 14. apríl kl. 20:30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Einnig verða sauðfjárbændur beðnir að skrifa undir nýja landbótaáætlun á fundinum, þannig að best er að sem allra flestir mæti.

Fjölmennum og látum okkur málefni afréttarins varða.

Stjórnin

Frá Villingaholtssókn

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar var haldinn 9. mars. Mjög fámennt var á þessum fundi, en þó tókst að kjósa í sóknamefnd.

Fundur sóknamefndar var haldinn 26. mars til að skipta með sér verkum og er niðurstaðan þessi:

Sólveig Þórðardóttir Skúfslæk 2 er formaður, gjaldkeri og fulltrúi í valnefnd vegna prestsvals. Þórunn Kristjánsdóttir Vatnsenda er ritari og varaformaður. Albert Sigurjónsson, Sandbakka er meðstjórnandi og varamaður í valnefnd.

Varamenn í sóknamefnd eru: Elín Bjarnveig Sveinsdóttir Egilsstaðakoti, Ingimundur B. Garðarsson Vatnsenda og Brynjólfur Þór Jóhannsson Kolsholtshelli.

Sólveig Þórðardóttir
email: skufslaekur2@gmail.com, sími: 482 2553 og 869 6534

Fjör í Flóa - síðustu forvöð

Enn er svigrúm til að bæta við opnum húsum og viðburðum inn á dagskrá Fjörs í Flóa sem haldið verður 29. til 31. maí. Þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framfæri hugmyndum að dagskrárliðum eru beðnir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar fyrir **10. apríl** í síma 691-7082.

Rekstarstjórn

Dagskrá mánaðarins

Skírdagsbingó Samhygðar	2. apríl
Páskamessa í Villingaholtskirkju	5. apríl
Páskamessa í Gaulverjabæjarkirkju	5. apríl
Páskamessa í Hraungerðiskirkju	6. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps	7. apríl
Æfingar í Þingborg	7. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	8. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps	9. apríl
Glímuæfing eldri	9. apríl
Tilkynna um viðburð á Fjör í Flóa	10. apríl
Flóahlaup Samhygðar	11. apríl
Íslandsglíman á Reyðarfirði	11. apríl
Þrónakvöld Kvenfélag Villingaholtshrepps	13. apríl
Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar	13. apríl
Æfingar í Þingborg	14. apríl
Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða	14. apríl
Aðalfundur félagsheimilanna í Flóahreppi	15. apríl
Æfingar í Þingborg	21. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	21. apríl
Víðavangshlaup Umf. Vöku	23. apríl
Sleifin-kvöldvaka kvenfélaganna	24. apríl
Æfingar í Þingborg	28. apríl



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160